

REGLUGERÐ um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

1. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um váttryggingar hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands gegn beinu tjóni af völdum náttúruhamfara.

2. gr. Náttúruhamfarir sem váttryggt er gegn.

Þær náttúruhamfarir sem váttryggt er gegn með náttúruhamfaratryggingu, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1992, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, eru:

- Eldgos, þ.e. þegar hraun, aska, gas eða gjóska veldur skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðri eign. Það telst ekki bótaskyldur atburður ef aska hefur sest en berst síðar með vindi á váttryggða eign og veldur skemmdum eða eyðileggingu. Sama gildir ef öskufall veldur ekki beinu tjóni en krefst hreinsunar.
- Jarðskjálftar sem valda skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðri eign. Við mat á bótaskyldu skal taka mið af stærð skjálfta, fjarlægð váttryggðrar eignar frá upptökum hans, staðbundnum áhrifum jarðlaga og mældum hágildum yfirborðshröðunar jarðar ef þau eru fyrir hendi. Einnig er heimilt að taka mið af því hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu þegar jarðskjálftinn átti sér stað, ef viðmið 2. másl. leiða ekki til afgerandi niðurstöðu.
- Skiðuföll, þ.e. þegar skriða úr fjalli eða hlíð fellur skyndilega á váttryggða eign með þeim afleiðingum að hún skemmist eða eyðileggst.
- Snjóflóð, þ.e. þegar snjóskiða fellur skyndilega úr fjalli eða hlíð á váttryggða eign með þeim afleiðingum að hún skemmist eða eyðileggst. Það telst ekki bótaskyldur atburður þegar eign sligast eða brotnar undan snjó sem safnast á eða að henni vegna snjókomu, skafrennings eða foks.
- Vatnsflóð, þ.e. þegar flóð verður vegna þess að ár eða lækir, sem renna að staðaldri, flæða skyndilega yfir bakka sína eða flóðbylgja frá sjó eða vötnum gengur skyndilega á land og veldur skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðri eign. Sama gildir þegar skyndilegt flóð kemur frá jökli vegna bráðnunar íss. Það telst ekki bótaskyldur atburður þegar flóð verður vegna úrkomu og leysingavatns. Sama gildir um flóð, sem að einhverju eða öllu leyti verður af mannavöldum, t.d. þegar vatnsgeymar, stíflugarðar eða önnur mannvirki bresta af öðrum ástæðum en náttúruhamförum.

Skemmist váttryggð eign í eldsvoða, sem beinlínis verður rakinn til einhverra ofangreindra náttúruhamfara, skal Náttúruhamfaratrygging Íslands greiða bætur fyrir tjónið.

3. gr. Húseignir sem skylt er að váttryggja.

Eftirtaldir húseignir er skylt að váttryggja, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992:

- Húseign sem tilgreind er í váttryggingarskírteini vegna brunatryggingar húseigna ásamt venjubundnu fylgifé sem fellur undir brunabótamat eignarinnar skv. 4. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna, nr. 809/2000.
- Hús í smíðum sem váttryggt er hjá váttryggingafélagi með brunatryggingu.
- Húseign sem hefur brunatryggingu umfram brunabótamat hjá váttryggingafélagi.

4. gr. Lausafé sem skylt er að váttryggja.

Eftirtalið lausafé er skylt að váttryggja, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992:

- Lausafé sem er brunatryggt, sbr. 1. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna, og eignir sem eru tryggðar skv. 8. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

2. Lausafé sem er váttryggt með almennri samsettri váttryggingu sem inniheldur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar skv. 5. tölul. 2. mgr. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, sbr. 2. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna. Ef um er að ræða váttryggingu sem tekur til innbús, þurfa munir sem ekki tilheyra almennu heimilishaldi að vera sérgreindir á váttryggingarskírteini.
3. Lausafé sem stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands hefur samþykkt sérstaklega að sé váttryggt, sbr. 3. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Váttryggingin nær til tjóns, sem verður á þeim váttryggingarstað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini. Váttryggingin getur þó einnig tekið til tjóns á lausafé sem er tímabundið staðsett á tjónsstað ef unnt er að sýna fram á með óyggjandi hætti að váttryggingartaki sé raunverulegur eigandi þess lausafjár. Váttryggingabætur skv. 2. másl. takmarkast við 15% af váttryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind í váttryggingarskírteini.

Ekki er heimilt að váttryggja fasteign í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, sem lausafé hjá stofnuninni.

5. gr.

Mannvirki sem skylt er að váttryggja.

Skylt er að váttryggja eftirtalin mannvirki, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992, þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs ásamt dreifikerfi þeirra fyrir heitt vatn eða gufu, þar á meðal lagnir í jörðu, þó ekki borholur eða neinn þann búnað eða lagnir sem í þeim er. Váttryggja skal dælur ofanjarðar, dælustöðvar, vatnsgeyma, svo og stöðvar til hitunar með jarðhita eða öðrum orkugjöfum.
2. Vatnsveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, þar á meðal lagnir í jörðu og safnkerfi, þó ekki borholur eða djúpbrunna eða neinn þann búnað eða lagnir sem í þeim er. Váttryggja skal dælur ofanjarðar, dælustöðvar og vatnsgeyma.
3. Skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, þar á meðal dælu- og hreinsunarstöðvar.
4. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs. Til hafnarmannvirkja teljast bryggjur, flotbryggjur, hafnarbakkar, fastir hafnarkranar, fastur ljósabúnaður, raflagnir, ljósastaurar, tengikassar, vatns- og fráveitulagnir, pollar og bundið slitlag á hafnarbakka, en ekki kranar á spori, hjólum eða beltum eða önnur laus tæki og laus búnaður, sem tilheyrir höfnum. Eigi skal váttryggja aðra hafnarbakka en þá, sem klæddir eru þili úr stáli eða tré, hlaðnir úr tilhöggnu grjóti eða gerðir úr steinsteypu eða öðru sambærilegu varanlegu efni. Til hafnarmannvirkja teljast ekki svæði eða mannvirki sem ná lengra inn í land en 30 m frá viðlegukanti. Sama gildir um önnur verðmæti eða muni. Brimbrjóta, grjótgarða, grjóthlífar eða önnur mannvirki til varnar bryggjum, hafnarbökkum eða tilheyrandi eignum skal ekki váttryggja.
5. Varanlegar brýr 50 metrar og lengri, hvort sem þær eru í eigu sveitarfélags, ríkissjóðs eða einkaeigu. Vegir að og frá brúm teljast ekki hluti þeirra og ekki heldur varnargarðar.
6. Raforkuvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, þar á meðal dreifikerfi, stíflur, veitumannvirki og götuljós.
7. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, þar á meðal dreifikerfi og tengibúnað sem þeim tengist, tölvu- og gagnaver og lagnir, þ.m.t. ljósleiðara.
8. Skíðalyftur.

Mannvirki samkvæmt þessari grein teljast í eigu sveitarfélags eða ríkissjóðs ef þau eru í eigu félags sem er að meirihluta í eigu sveitarfélags eða ríkissjóðs.

Náttúruhamfaratrygging Íslands getur heimilað að mannvirki samkvæmt þessari grein, sem enn eru í smíðum, séu váttryggð.

6. gr.

Upphaf ábyrgðar o.fl.

Ábyrgð samkvæmt náttúruhamfaratryggingu húseigna og lausafjár, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992, hefst um leið og brunatrygging hefur tekið gildi hjá váttryggingafélagi. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldakvittun brunatryggingar.

Eigendum mannvirkja sem váttryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 er skylt að tilkynna Náttúruhamfaratryggingu Íslands þegar ný mannvirki eru tekin í notkun og jafnframt eftir atvikum að tilkynna nýtt og breytt endurstofnverð, sbr. 7. gr. Váttrygging mannvirkis tekur gildi þegar stofnunin hefur sannanlega mótttekið tilkynningu skv. 1. málsl. og skrá um endurstofnverð þess. Sama á við þegar um er að ræða breytingar eða endurbætur á eldri mannvirkjum. Við eigendaskipti skal ekki fella niður váttryggingu nema fyrir liggja staðfesting á nýrri váttryggingu.

Óheimilt er að stofna nýja náttúruhamfaratryggingu eða breyta eldri tryggingu eigna á þeim stað eða svæði, sem er í hættu þegar váttryggingaratburður er hafinn eða er yfirvofandi.

7. gr.

Váttryggingarfjárhæðir.

Váttryggingarfjárhæð eignar sem váttryggð er skv. 5. gr. laga nr. 55/1992 er hámark þeirrar ábyrgðar sem miða skal við þegar bætur eru ákveðnar. Sú fjárhæð veitir þó ekki sönnun fyrir verðmæti eignar.

Um váttryggingarfjárhæðir gildir að öðru leyti eftirtalið:

1. Váttryggingarfjárhæð húseigna sem váttryggðar eru skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 nemur brunabótamati á hverjum tíma sbr. 5. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna, nr. 809/2000.

Váttryggingarfjárhæð húseigna í smíðum og viðbótarbrunatryggingar húseignar er sú fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini. Skilyrði þess að greiddar séu bætur á grundvelli viðbótarbrunatryggingar eru þau, að verðmæti húseignar sé meira en sem nemur brunabótamati eignarinnar á tjónsdegi. Í þeim tilvikum þarf endurbyggingarkostnaður sannanlega að vera hærri en brunabótamat eignar til þess að viðbótarbrunatrygging nýtist váttryggðum. Sama gildir ef eign hefur verið endurbætt eða stækkuð eða slíkar framkvæmdir standa yfir.

2. Váttryggingarfjárhæð lausafjár sem váttryggt er skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 er sú fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini.
3. Váttryggingarfjárhæð mannvirkja sem váttryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 skal nema áætluðu endurstofnverði (endurbyggingarverð) að viðbættum niðurrifskostnaði sem nemur 10% af endurstofnverði. Endurstofnverð er endurbyggingarkostnaður sambærilegra mannvirkja miðað við byggingarefni og byggingaraðferðir sem tíðkast hverju sinni. Miða skal við nýbyggingarkostnað sambærilegra eigna og taka tillit til nýjustu tækni- og verkþekkingar og efniskostnaðar. Eftirfarandi þættir eru innifaldir í endurstofnverði:
 - a. Efni. Miðað er við innkaupsverð, að teknu tilliti til flutnings innan svæðis og eðlilegrar rýrnunar.
 - b. Vinnuliðir, þ.e. launagreiðslur samkvæmt viðurkenndum launatöxtum ásamt launatengdum gjöldum miðað við meðalaðstæður á vinnumarkaði.
 - c. Vélaliðir sem eru verðlagðir nægilega hátt til að standa undir afskriftum, rekstri og eðlilegri ávöxtun.
 - d. Aðstaða á byggingarstað, meðal annars vinnuskúrar, plön og byggingakranar.
 - e. Hönnun arkitekta og verkfræðinga.
 - f. Eftirlit á byggingartíma.
 - g. Stjórnunarkostnaður verktaka og verkkaupa.
 - h. Tryggingar á byggingartíma.
 - i. Fjármagnskostnaður á byggingartíma.
 - j. Virðisaukaskattur.

Eigendur mannvirkja sem váttryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 skulu skila Náttúruhamfaratryggingu Íslands sundurliðaðri skrá yfir öll mannvirki þeirra fyrir 1. mars ár hvert ásamt áætlun um endurstofnverð þeirra miðað við verðlag 1. janúar sama ár. Skráin skal innihalda þær upplýsingar og vera á því formi sem stofnunin ákveður.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á því að endurstofnverð þess sé rétt á hverjum tíma. Ef eigandi mannvirkis uppfærir ekki endurstofnverð milli ára, skal það uppfært í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ef ástæða er til að ætla að áætlun sé óraunhæf eða eigandi mannvirkis hefur vanrækt að láta í té upplýsingar um eignir sem skylt er að váttryggja, getur Náttúruhamfaratrygging Íslands

kvatt til tvo sérfróða og óvilhalla menn til að meta eignirnar og endurstofnverð þeirra og er niðurstaðan bindandi. Sé endurstofnverð byggt á óraunhæfri áætlun eða eigandi vanrækir upplýsingagjöf skal hann bera kostnað af matinu.

8. gr.

Vátryggingarverðmæti.

Vátryggingarverðmæti er raunverulegt virði eignar þegar vátryggingaratburður varð. Við mat á vátryggingarverðmæti skal tekið tillit til verðrymnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis, hvernig viðhaldi hefur verið háttað og annarra atvika.

Vátryggingarverðmæti lausafjár sem fylgir almennu heimilishaldi, svo sem húsgagna, heimilis-tækja, lausra gólfteppa, fatnaðar, bóka og líns, miðast við nývirði, sem er sú upphæð sem þurft hefði til kaupa á hlutum þeim er skemmdust eða eyðilögðust á því verðlagi sem síðast var á slíkum hlutum áður en tjónið varð, að frádreginni hæfilegri fjárhæð vegna verðrymnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.

9. gr.

Tilkynning um tjón.

Hafi vátryggður orðið fyrir tjóni skal hann tilkynna það þegar í stað. Tilkynningu má skila rafrænt til Náttúruhamfaratryggingar Íslands eða með öðrum sannanlegum hætti.

Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Veiti vátryggður af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, fellur bótaréttur hans niður.

10. gr.

Tjónamat.

Þegar Náttúruhamfaratryggingu Íslands berst tilkynning um tjón sem ætla má að falli undir gildissvið laga nr. 55/1992, skal hún gera ráðstafanir til að skoða og meta tjónið og ef þörf er á gera aðrar ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort tjón skuli bætt. Stofnunin getur eftir atvikum kvatt til hæfan og óvilhallan matsmann eða -menn til að skoða og meta tjón. Stofnunin getur einnig eftir atvikum óskað þess að tjón skuli metið af dómkvöddum matsmanni eða -mönnum. Um kostnað af mati dómkvaddra manna fer eftir almennum reglum.

Ætíð skal gefa vátryggðum kost á að vera viðstaddur skoðun og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Matsmenn skulu ljúka störfum svo fljótt sem kostur er.

11. gr.

Ákvörðun bóta.

Við ákvörðun bóta skal, að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum nr. 55/1992 og reglugerð þessari, fara eftir meginreglum vátryggingaréttar, sbr. m.a. eftirfarandi:

1. Einungis eru greiddar bætur fyrir beint tjón á vátryggðum húseignum, lausafé og mannvirkjum. Vátryggingin bætir hvorki afleitt tjón svo sem rekstrartap, né tjón sem hlýst af því að eign varð ekki notuð á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið, auk annars óbeins tjóns. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki verðmæti eða notagildi hins vátryggða, greiðast ekki bætur. Tjón vegna minjagildis, sérstaks efnisvals eða handverks bætist ekki og skal við ákvörðun bóta miða við hagkvæmustu aðferðir hvað varðar efnisval og byggingaraðferðir, nema ljóst sé að tekið hafi verið tillit til þess í brunabótamati, viðbótartryggingu eða endurmati að slíkt efnisval og byggingaraðferðir hafi verið notaðar við gerð, endurbyggingu eða viðhald hins vátryggða.
2. Við ákvörðun bóta þegar vátryggð eign eyðileggst algerlega, skal meta hvort vátryggingarfjárhæð skv. 7. gr. er í samræmi við vátryggingarverðmæti eignar skv. 8. gr. enda takmarkast bætur við vátryggingarverðmæti ef það reynist jafnt eða lægra en vátryggingarfjárhæð.
3. Þegar um tjón að hluta er að ræða ákvarðast bætur eftir því hvað kostar að gera við hið skemmda svo það verði eins, eða sem næst því eins og fyrir vátryggingaratburðinn. Bætur

sem þannig eru ákvarðaðar geta aldrei orðið hærri en mismunur á verðmæti fyrir og eftir váttryggingaratburð, hvort sem er fyrir verðmæti einstakra hluta eða eignar í heild. Viðgerð á yfirborðsflötum húseignar, þ.e. útveggjum, þökum, innveggjum, loftum og gólfum, takmarkast við þann flöt sem skemmdur er. Viðgerð eða endurnýjun gólf- og loftaefna takmarkast við það rými sem skemmt er. Ef rými eru opin/samfelld skal hafa uppdrætti húseignar til hliðsjónar við afmörkun rýmis.

4. Bætur fyrir vörur sem váttryggður hefur framleitt til sölu, verðleggjast á kostnaðarverði. Bætur fyrir vörur í framleiðslu verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði. Innkaupsverð og kostnaður miðast við verðlag á tjónsdegi.
5. Við mat á verðrýrnun skv. 1. mgr. 8. gr. skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar:
 - a. Húsgögn afskrifast um allt að 10% af nývirði á ári.
 - b. Hljómflutningstæki, reiðhjól og rafmagnstæki afskrifast um allt að 10% af nývirði á ári.
 - c. Fatnaður, sjónvörp, spilarar, myndavélar og skíða- og viðlegubúnaður afskrifast um allt að 15% af nývirði á ári.
 - d. Tölvur, tölvubúnaður, farsímar, snjallúr og annar sambærilegur búnaður afskrifast um allt að 20% af nývirði á ári.

Afskriftir af munum skv. a-, b-, og c-lið geta aldrei orðið meiri en 70% af nývirði.

Heimilt er að krefjast framvísunar á munum sem bættir hafa verið að fullu.

6. Ef váttryggður hlutur er meira virði en sem nemur váttryggingarfjárhæð, telst hann undirváttryggður. Í slíkum tilvikum bætist tjónið hlutfallslega þannig:

$$\text{Tjónsfjárhæð} \times \text{váttryggingarfjárhæð} / \text{raunverulegt verðmæti} = \text{bætur.}$$

Eigin áhætta váttryggðs dregst frá bótafjárhæð þeirri, sem þannig er fengin.

7. Váttryggður skal varðveita skemmda eign eða hlut eftir því sem kostur er, þar til hann fær tjónið bætt. Váttryggður skal gefa Náttúruhamfaratryggingu Íslands kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum eignum eða lausafé er ráðstafað. Fargi váttryggður skemmdum eignum eða hlutum getur það varðað lækkun eða missi bóta.

12. gr.

Uppgjör bóta.

Við greiðslu bóta skal eigin áhætta váttryggðs, sbr. 10. gr. laga nr. 55/1992, ákvörðuð þannig:

1. Lausafé skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992: Váttryggður ber eigin áhættu af hverju tjóni í lausafjártryggingu. Eigin áhætta miðast við hvert váttryggingarskírteini.
2. Húseign skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992: Váttryggður ber eigin áhættu af heildartjóni húseigna á hverju fasteignanúmeri. Í fjöleignarhúsum skiptist tjón á sameign á fasteignanúmer í samræmi við eignarhluta þeirra. Þegar tjón verður á sameign skv. lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, ber hvert fasteignanúmer eignar eigin áhættu.
3. Mannvirki skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992: Váttryggður ber eigin áhættu af tjóni á hverju mannvirki sem skylt er að váttryggja.

Þegar bætur eru greiddar dregst öll eigin áhætta frá fyrstu greiðslu til váttryggðs.

Virðisaukaskattur sem váttryggður á rétt á að fá endurgreiddan vegna viðgerða, endurbyggingar eða enduröflunar, dregst frá bótafjárhæð.

13. gr.

Ráðstöfun tjónabóta.

Váttryggðum er skylt að nota váttryggingarbætur til að gera við eða endurbyggja húseign sem hefur orðið fyrir tjóni vegna náttúruhamfara.

Ef tjón hefur áhrif á öryggi húseigna eða hollustuhætti er váttryggðum skylt að hafa samráð við Náttúruhamfaratryggingu Íslands áður en viðgerð eða endurbygging fer fram. Ef einhverjar af eftirtöldum skemmdum verða á húseign af völdum náttúruhamfara, skal stofnunin tryggja að váttryggingabótum sé réttléga varið áður en þær eru greiddar tjónþola, sbr. 15. gr. laga nr. 55/1992:

1. Skemmdir á burðarvirki, hvort sem er að hluta eða öllu leyti, þ.m.t. skemmdir á grundun eða jarðvegsfyllingu og verulegt sig á byggingarhlutum eða húseign í heild.

2. Skemmdir á brunahólfum og brunavörnum, t.d. á eldvarnarveggjum, eldvarnarhurðum og viðvörunar- og vatnsúðakerfum.
3. Skemmdir á fráveitulögnum sem hafa áhrif á hollustuhætti.
4. Skemmdir á asbesti eða tjón þar sem hreyfa þarf við asbesti vegna viðgerða eða endurbyggingar.

Ef aðstæður skv. 2. mgr. eiga við er gjalddagi tjónabóta þegar váttryggður hefur sýnt fram á með fullnægjandi hætti að viðgerð hafi farið fram á þeim þáttum sem varða öryggi húseignarinnar og hollustuhætti.

Ef tjón á húseign er hærra en sem nemur 15% af váttryggingarfjárhæð er gjalddagi tjónabóta þegar viðgerð hefur farið fram á þeim hluta tjónsins sem er umfram 15% af váttryggingarfjárhæð.

Náttúruhamfaratryggingu Íslands er heimilt að láta gera við skemmda eign eða annast enduröflun á skemmdum hlut á eigin kostnað í samráði við eigendur. Skal þá váttryggður greiða stofnuninni eigin áhættu vegna tjónsins áður en viðgerð eða enduröflun fer fram. Ef Náttúruhamfaratrygging Íslands greiðir fullar bætur eða annast enduröflun vegna tjóns á váttryggðum lausamunum, öðlast stofnunin fullan eignar- og ráðstöfunarrétt á þeim.

14. gr.

Varúðarreglur.

Þegar yfirvofandi hætta er á að váttryggingaratburður verði, eða hann er þegar orðinn, skal váttryggður gera það sem með sanngirni er unnt að ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón.

15. gr.

Greiðslur iðgjalda náttúruhamfaratryggingar.

Um greiðslur iðgjalda váttryggðs fer skv. 11. gr. laga nr. 55/1992.

16. gr.

Uppgjör og skilamáti iðgjalda til Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Váttryggingafélög sem brunatryggja húseignir og lausafé sem váttryggt er hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands innheimta iðgjöld fyrir hönd stofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992.

Uppgjörstímabil iðgjalda frá váttryggingafélögum til stofnunarinnar er einn almanaks mánuður. Skylda til greiðslu iðgjalds hefst við upphaf gildistíma á grundvelli váttryggingarskrárteinis. Gjald daga til stofnunarinnar er fimmtándi dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

Heimilt er að draga iðgjöld sem ekki innheimtast frá greiðslu iðgjalda á næsta gjalddaga eftir að ljóst er að innheimtutilraunir, sbr. 11. gr. laga nr. 55/1992, hafi ekki borið árangur. Innheimtist iðgjöld síðar skal standa skil á þeim á næsta gjalddaga, sbr. 2. mgr.

Greiðslu iðgjalda skal fylgja skilagrein á því formi sem stofnunin ákveður.

Greiði váttryggingafélag ekki iðgjald á gjalddaga skal félagið greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

Náttúruhamfaratrygging Íslands annast innheimtu iðgjalda vegna mannvirkja sem váttryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992. Gjald daga skal vera 1. apríl ár hvert. Ef iðgjald er ekki greitt innan fjögurra vikna frá gjalddaga skal skuldari greiða dráttarvexti frá gjalddaga samkvæmt ákvæðum vaxtalaga.

17. gr.

Upplýsingagjöf váttryggingafélaga til Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Váttryggingafélög skulu veita Náttúruhamfaratryggingu Íslands aðgang að rafrænni skrá sem inniheldur sundurliðað yfirlit allra váttryggingarsamninga, sem iðgjald er innheimt af. Skráin skal vera á því formi, sem stofnunin ákveður.

Váttryggingafélög skulu fyrir 15. janúar ár hvert skila Náttúruhamfaratryggingu Íslands sundurliðaðri skýrslu um álögð iðgjöld og greidd iðgjöld liðins árs, váttryggingarfjárhæðir í lok liðins árs, staðfestingur á að útreikningur iðgjalda sé í samræmi við lög nr. 55/1992 og tapaðar kröfur á árinu.

Skýrslan skal vera staðfest af endurskoðanda váttryggingafélagsins og á því formi sem stofnunin ákveður.

18. gr.

Ýmis ákvæði.

Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina náttúruhamfaratryggingu getur váttryggður valið hverja þeirra hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., 3. mgr. 11. gr., 5. mgr. 15. gr. og 26. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992. Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 700/2019.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 16. gr. gildi 1. janúar 2024. 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 700/2019 gilda fram að því.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 4. júlí 2023.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elísabet Júlíusdóttir.